

TOPP 1500

Fúgulaus iðnaðargólf / tæknilýsingablað



Topp 1500 gólfefni er hluti af heildarlausn Gólfagna í gólf og veggefnum.

Kostir:

- Áferð eftir vali
- Samfellt yfirborð - auðvelt að þrifa
- Falleg - bæta umhverfi á vinnustað
- Menga ekki matvæli, hvorki við lögn né eftir á
- Kemísk þolin

Notkunarmöguleikar:

Dæmigerðir notkunarstaðir
Topp 1500 er öll matvælavinnsla, verkstæðisgólf, bílageymslur og þar sem umferð og umgangur er mikill, eða kemískt álag til staðar.
Topp 1500 er hægt að leggja í kverkar sem húlkíl og einnig yfir önnur fjölliðuefni til endurnýjunar.

Efnislýsing:

Topp 1500 er þriggja þátta fjölliðuefni sem lagt er 2-3mm þykkt. Það fæst í tveimur gerðum, annars vegar einlitt, lagt úr lituðu bindiefni og ólituðum sandi og hins vegar lagt úr glæru bindiefni og lituðum sandi sem gefur gólfinu lit.

Ef undirbúningsefni eru tekin með samanstendur Topp 1500 góflögn af eftirfarandi þáttum:

Topp 4000 leysiefnalaus grunnur, Topp DPM grunnur ætlaður fyrir rakt undirlag sem þurrkað hefur verið með heitu þrýstilofti og Topp 4050 grunnur fyrir stál.
Topp 1500 bindiefni, litað eða glært til að binda kvartssand og til að toppfylla gólfíð.
Kvartssandur sem fylliefni, en kornastærð ræður miklu um áferð. Toppmatt má einnig nota ef óskað er eftir mattri áferð.

Topp 1500 einlitt fæst í þremur staðallitum, grátt, grænt eða gult. Topp 1500 með glæru bindiefni fæst í fjölda lita og litasamsetninga.

Dæmi um eiginleika:

Eiginleikar Topp 1500 hafa verið rannsakaðir og þá miðað við 20°C hitastig. Niðurstöður urðu eftirfarandi:
Styrkur:
• brotpólsstyrkur 74N/mm² (BS 6319)
• beygjupólsstyrkur 28N/mm² (BS6319)
• togpólsstyrkur - meiri en steypu

Hörðunartími:

- gangandi umferð - 24 klst.
- flest umferð - 48 klst.
- fullt álag - 7 dagar.

Vinnsluferli:

Áður en Topp 1500 er lagt er mikilvægt að hafa eftirfarandi atriði í huga:

1. Topp 1500 er ekki hægt að leggja með góðum árangri nema á slétt og óskemmt yfirborð.
2. Undirlag verður að vera meira en 25N/mm² að brotstyrk.
3. Hlutfallsraki verður að vera minni en 80% í yfirborði undirlags.
4. Lofthiti verður að vera meiri en 18°C við gólf meðan á lögn stendur.

Lagning topp 1500 er vandasamt verk og ætti því einungis að vinnast af sérhæfðum verktökum sem kunna með efnið að fara. Gólfagnir er sérhæft fyrirtæki á þessu sviði og hefur víðtæka reynslu og þekkingu sem tryggir góðan árangur.

Lagning Topp 1500 samanstendur af eftirfarandi verkliðum:

1. Vanda undirbúning og hreinsun eins og kostur er. Það er grundvöllurinn fyrir góðum árangri. Sjá annars fylgiblað um gólfhreinsun.
2. Grunna með topp 4000 eða Topp DPM yfir nýhreinsaðan gólfíðtinn.
3. Lagt út Topp 1500 glært eða litað bindiefni og stráð í sandi, látið þorna.
4. Verkliður nr. 3 endurtekinn ef þykkt á að vera meiri en 2 mm.
5. Gólfíð sandpappírsslípað, sópað og síðan toppfyllt með glæru eða lituðu bindiefni.

Með toppfyllingu er ekki einungis átt við efsta yfirborð heldur er átt við fyllingu frá neðsta hluta upp til yfirborðsins. Ekki er því einungis um að ræða þunna lakkfilmu á efsta yfirborði heldur er gólfíð jafn niðsterkt í gegn. Þeir sem hafa fjárfest í iðnaðargólfi ættu að athuga að með góðri umhirðu má auka við endingu gólfsins auk þess sem það helst lengur fallegt. Gólfíð skal þrifið með réttum efnum til að tryggt sé að til dæmis dekkjaför og önnur illþrífanleg óhreinindi náist af. Þá skal bent á að nýtt gólf getur oft á tíðum verið kjörið tækifæri til að bæta umgengni á vinnustað og þar með eykst líka ending gólfsins.

TOPP[®] 1500